



Tilkynningar vegna COVID-19 um borð í skipum í íslenskri lögsögu

Leiðbeiningar þessar eiga við fyrir skip sem *ekki* koma frá erlendum höfnum en **eru í íslenskri lögsögu** og grunur vaknar um **COVID-19 smit um borð**.

Skip sem koma frá erlendum höfnum skulu senda heilbrigðisyfirlýsingu áður en komið er til hafnar hér, sbr. [Leiðbeiningar fyrir hafnir og skip vegna COVID-19](#).

COVID-19 er tilkynningarskyldur sjúkdómur á Íslandi skv. sóttvarnalögum 19/1997 m.s.br. Einstaklingar með COVID-19 þurfa að sæta einangrun og meta þarf hvort þörf er á sóttkví fyrir tengiliði skv. gildandi reglugerð hverju sinni um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

Ef grunur vaknar um COVID-19 smit um borð í skipi í íslenskri lögsögu skal fylgja eftirfarandi verklagi við að tilkynna um það:

1. Við grun um COVID-19 sýkingu í skipi **ber skipstjóra að tilkynna um gruninn til Landhelgisgæslu Íslands (LHG)**.
2. Þau skip sem senda tilkynningar í gegnum SafeSeaNet ber að senda heilbrigðisyfirlýsingu skipstjóra í gegnum kerfið. Hana skal alla jafna senda eigi síðar en 24 tímum fyrir komu til hafnar. Tollgæslan vaktar það kerfi og upplýsir sóttvarnalækni (SVL) ef grunur vaknar um smit um borð.
3. LHG hefur samband við skipið áður en það kemur að landi og fer fram á að heilbrigðisyfirlýsing ([Declaration of health–COVID-19](#)) skipstjóra vegna COVID-19 verði send á LHG. **Skipstjóri er ábyrgur fyrir því að upplýsa LHG um leið ef grunur vaknar um smit um borð á meðan skip hans er í íslenskri landhelgi eða við stendur Íslands** og LHG biður skipstjóra í kjölfarið að endurnýja og afhenda heilbrigðisyfirlýsingu vegna COVID-19.
4. LHG ber ábyrgð á að virkja boðleiðir til sóttvarnaryfirvalda, almannavarna/lögreglu hafnaryfirvalda, og heilbrigðisþjónustu á staðnum, skv. [Leiðbeiningum fyrir hafnir og skip vegna COVID-19](#)
5. Þar til viðbragðsaðilar (sóttvarnalæknir/lögregla/LHG/tollgæsla/hafnaryfirvöld hlutaðeigandi hafnar) hafa ákveðið annað í samráði við skipsstjórnendur skal skipstjóri ábyrgur fyrir **að opna ekki skip og hleypa farþegum og áhöfn ekki frá borði ef grunur er um COVID-19 smit um borð**. Skipið liggur utan við höfnina og kemur ekki að bryggju eða liggur við bryggju **án samgangs við land**, afkvíð í úrvinnslusóttkví þar til úrvinnslu atviks er lokið. Sjá [leiðbeiningar um einangrun](#) og [heimasóttkví](#) vegna æskilegra takmarkana á umgengni aðila um borð innbyrðis á meðan sóttkví stendur í íslenskri lögsögu.
6. Ef þörf er á læknishjálp vegna veikinda um borð eða skima þarf fyrir COVID-19 um borð fer vakthafandi læknir á staðnum um borð og ber ábyrgð á framkvæmd læknisskoðunar og framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni. Læknir skal láta LHG vita um niðurstöður áhættumats.
7. LHG er heimilt, í samráði við vakthafandi lækni og niðurstöðu áhættumats, að leyfa færanlega sóttkví, tímabundið.
8. Sóttvarnaryfirvöld umdæmis geta fellt niður úrvinnslusóttkví í samráði við viðbragðsaðila á staðnum og LHG ef ekki er um COVID-19 smit að ræða um borð. Ef COVID-19 smit er staðfest þarf ákvörðun frá sóttvarnaryfirvöldum (rakningateymi) um hvort einhverjir um borð skulu sæta einangrun og hvar hún geti farið fram. Sama gildir um sóttkví annarra um borð. Vegna veikinda skal haft samráð við COVID-göngudeild Landspítala en Landspítali kemur ekki að ákvarðanatöku um sóttkví eða leiðbeiningum vegna opinberra sóttvarnaaðgerða.